

EFNI:

Fóstureyðingar
árið 2010 bls.
1

Ávaxta- og græn-
metisneysla hefur
aukist en ekki nóg bls.
2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR ÁRIÐ 2010


Tölur um framkvæmdar fóstureyðingar árið 2010 voru gefnar út á vef Embættis landlæknis fyrr í þessum mánuði. Á sama tíma voru tölur árána 2008 og 2009 endurskoðaðar og endurútgefnar. Árið 2010 voru framkvæmdar 976 fóstureyðingar hérlendis en það er svipaður fjöldi og árin tvö á undan (981 árið 2009 og 959 árið 2008). Nokkuð færri aðgerðir voru hins vegar framkvæmdar á árunum 2004–2007. Sjá nánar talnaefni um fóstureyðingar:

[http://www.landlaeknir.is/Heilbrigdistolfraedi/
Fostureydingar](http://www.landlaeknir.is/Heilbrigdistolfraedi/Fostureydingar)

Sú mælistika sem jafnan er notuð við athugun á fóstureyðingum og í samanburði milli landa er hlutfall fóstureyðinga af fæðingum. Árið 2010 voru framkvæmdar tæplega 200 fóstureyðingar fyrir hverja 1.000 lifandi fædda hér á landi en þetta hlutfall hefur lítið sveiflast undanfarin fimm ár. Á árunum 1997–2003 voru hins vegar framkvæmdar nokkuð fleiri fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda, eða um 220–230 fóstureyðingar.

Aðgerðarstaður

Meginþorri allra fóstureyðinga á landinu er framkvæmdur á kvennadeild Landspítalans. Þar voru framkvæmdar tæplega 90% allra fóstureyðinga árið 2010 en Sjúkrahúsið á Akureyri



framkvæmdi næstflestar aðgerðir það sama ár, eða 7,6% allra fóstureyðinga. Sú þróun hefur smám saman átt sér stað hér á landi að þeim stöðum þar sem fóstureyðingar eru framkvæmdar hefur farið fækkandi.

Meðgöngulengd

Í núgildandi lögum um fóstureyðingar nr. 25/1975 er kveðið á um að fóstureyðing skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngutímanum, helst innan 12 vikna meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimiluð af læknisfræðilegum ástæðum. Stærsti hluti þeirra kvenna sem gengist hafa undir fóstureyðingu á undanförunum árum hafa verið gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram. Einungis 4% aðgerða sem framkvæmdar voru árið 2010 fóru fram eftir meira en 12 vikna meðgöngu. Það er svipað hlutfall og árin á undan.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

ÁVAXTA- OG GRÆNMETISNEYSLA HEFUR AUKIST EN EKKI NÓG

Grænmetisneysla reyndist nokkuð jöfn milli aldurshópa og kynja skv. könnuninni Hvað borða Íslendingar?

Ávaxtaneysla hefur aukist um 54% og grænmetisneysla um 19% frá árinu 2002.

Embætti landlæknis (áður Lýðheilsustöð), Matvælastofnun og Rannsóknastofa í næringarfræði kynntu í janúar síðastliðnum helstu niðurstöður úr landskönnun á mataræði Íslendinga sem fram fór 2010–2011. Hliðstæð rannsókn fór síðast fram árið 2002. Alls tóku 1312 manns á aldrinum 18–80 ára þátt í könnuninni, svarhlutfall var 68,6%.

Mataræði Íslendinga hefur þokast nær ráðleggingum um heilsusamlegt mataræði frá árinu 2002. Meðal annars er meira borðað af ávöxtum og grænmeti í dag en var árið 2002 (sjá mynd 1). Ávaxtaneyslan hefur aukist um 54% og er nú 119 grömm á dag að meðaltali. Neysla á grænmeti hefur aukist minna, eða um 19%, og er nú 120 grömm á dag. Þrátt fyrir þessa aukningu er neysla


grænmetis og ávaxta enn langt undir ráðleggingum, sem eru a.m.k. 400 grömm af grænmeti og ávöxtum á dag.

Vísbendingar eru um að ef ekki hefði komið til efnahagsbreytinganna 2008 hefði aukningin jafnvel orðið enn meiri. Fæðuframboðstölur sem teknar eru saman árlega og birtar á vef Embættis landlæknis sýna að framboð ávaxta- og grænmetis (sjá mynd 2) jókst jafnt og þétt til ársins 2007. Árið 2008 dró hins vegar úr framboði þessara vara og hefur það verið nokkuð stöðugt síðan.

Ef nánar er lítið á niðurstöður landskönnunar á mataræði fyrir ávexti og grænmeti kemur í ljós að grænmetisneyslan er nokkuð jöfn milli aldurshópa og kynja. Það er breyting frá síðustu könnun, en þá


borðuðu ungir karlar lang minnst af grænmeti.

Um fimmtungur grænmetisneyslunnar er neysla á blönduðu salati. Vinsælustu grænmetistegundirnar eru tómatar, agúrka og gulrætur. Konur borða mun meira af ávöxtum og berjum en karlar en lítill munur er á milli aldurshópa hvað þetta varðar. Vinsælustu ávextirnir eru bananar og epli.



Samanburður á neyslu ávaxta- og grænmetis 2002 og 2010-2011, g/dag.

Hólmfríður Þorgeirsdóttir



Framboð á grænmeti, kg/íbúa á ári.